

FUNDARGERÐ FÉLAGSMÁLARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

165. fundur félagsmálaráðs, haldinn miðvikudaginn 18. nóvember 2015 kl. 10.00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Sigrún Birna Gunnarsdóttir, formaður, Maríanna Eva Ragnarsdóttir varaformaður, Þ. Karl Eggertsson aðalmaður, Guðmundur Haukur Sigurðsson aðalmaður og Sigríður Elva Ársælsdóttir aðalmaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá:

1. Lagðar fram afgreiðslur fjölskyldusviðs frá síðasta fundi.
2. Beiðni um endurupptöku á synjun húsaleigubóta.
3. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs fer yfir drög að fjárhagsáætlun.
- 4.. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagðar fram afgreiðslur fjölskyldusviðs frá síðasta fundi, sjá trúnaðarbók.
2. Beiðni um endurupptöku á synjun húsaleigubóta. Félagsmálaráð hafnar beiðni um endurupptöku á synjun um húsaleigubætur þar sem umsóknin uppfyllir hvorki þau skilyrði sem sett eru í lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997 né þau sem fram koma í viðauka Húnaþings vestra um húsaleigubætur. Formaður vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.
3. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Guðrún Ragnarsdóttir mætir á fundinn og fer yfir drög að fjárhagsáætlun. Guðrúnu þökkuð koma á fundinn.
4. Önnur mál. Bréf Jafnréttisstofu barst. Jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun verður skilað til Jafnréttisstofu fyrir 15. febrúar 2016.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 11:21

Sigrún Birna Gunnarsdóttir

Guðmundur Haukur Sigurðsson

Sigríður Elva Ársælsdóttir

Þ. Karl Eggertsson

Maríanna Eva Ragnarsdóttir

Esther Hermannsdóttir